



## Sogavegur 92 (fsp) lóðarbreyting og bygging bílskúrs - USK24050143

Lögð fram fyrirspurn Annþórs Kristjáns Karlssonar, dags. 13. maí 2024, um lóðarbreytingu og byggingu bílskúrs á lóð nr 92 við Sogaveg. Einnig lagðir fram uppdrættir Eggerts Guðmundssonar byggingarfræðings, dags. 7. maí 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.



Gildandi deiliskipulag, 2010.



sjáskot, ja.is 2022.

### Skipulagsleg staða

**Aðalskipulag:** Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Sogavegur 92 í skilgreindri íbúðarbyggð, nánar til tekið ÍB34, Gerðum.

**Deiliskipulag:** Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn og eru byggingarleyfisumsóknir grenndarkynntar þegar við á. Hverfisskipulag er í vinnslu.

### Fyrirspurn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á fyrirhuguðum bílskúr á lóð.

### Umsögn

Hverfishlutinn, sem er hluti af Smáíbúðahverfinu, byggðist upp að mestu á árunum 1950-1957. Yfirbragð byggðarinnar er fingert og heildstætt. Fordæmi eru fyrir því að reisa bílskúra austan megin lóða í götunni.

Húsið að Sogavegi 92 er teiknað af Guttormi Andréssyni árið 1952. Eldri teikningar af bílskúr eru frá 1957, sem aldrei var byggður. Samkvæmt tillögu er reiknað með að bílskúr verði 46 m<sup>2</sup> að stærð og er staðsetning hans á sama stað og á eldri uppdráttum.

Gera þarf grein fyrir grenndaráhrifum eins og skuggavarp skv. töflu hér að neðan. Í þéttri byggð skal sýna skuggavarp fyrir og eftir fyrirhugaðar framkvæmdir.

	Vetur 21/01	Jafndægur 21/03	Sumarsólstöður 21/06
07:00	■		
10:00	■		
13:00			
16:00			
19:00	■		
22:00	■		

### Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við fyrirspurnina. Byggingarleyfisumsókn þarf að grenndarkynna.

### F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.